

<p>49. fundur svæðisráðs norðursvæðis 4. desember 2017 (10:00-13:00) Haldinn í húsnæði Norðurbings, Ketilsbraut 7-9, Húsavík</p>	<p>Fundarritari: Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p>Mættir: Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir (í síma) Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p>Fjarverandi: Ásvaldur Ævar Þormóðsson</p>	<p>Aðrir fundargestir: Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri (í fjarfundi undir lið 3).</p>

Dagskrá fundar:

1. Sumarið 2017 – stutt yfirlit frá þjóðgarðsvörðum
2. Af vettvangi stjórnar
3. Rekstraráætlun/framkvæmdaáætlun 2018
4. Starfslýsingar þjóðgarðsvarða
5. FFA Drekgili – ósk um breytingu á deiliskipulagi
6. Stefna um gjaldtöku
7. Virkjun Drekgili – upplýsingar um stöðuna
8. Dettifoss – salernismál -upplýsingar um stöðuna
9. Framtíðarnýting Skógarvarðarhússins í Ásbyrgi
10. Drekgil-fræðsluskilti

1. Sumarið 2017 – stutt yfirlit frá þjóðgarðsvörðum

Þjóðgarðsverðir fluttu glærukynningu um starf sumarsins.

2. Af vettvangi stjórnar

Formaður svæðisráðs sagði frá helstu viðfangsefnum stjórnar þetta misserið.

3. Rekstraráætlun/framkvæmdaáætlun 2018

Framkvæmdastjóri sat þennan lið í fjarfundi. Fjárlagafrumvarp fyrri ríkisstjórnar gerði ekki ráð fyrir auknu rekstrarframlagi þrátt fyrir að umsjón Jökulsárlóns hafi færst í hendur þjóðgarðsins og verkefni þjóðgarðsins hafi aukist samhliða fjölgun ferðamanna. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að lögð verði fyrir nýja ríkisstjórn ósk um aukið framlag. Sameiginleg niðurstaða svæðisráðs og framkvæmdastjóra er sú að ekki verði unnið frekar með drög að rekstraráætlun fyrir en fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar liggur fyrir. Svæðisráð vill jafnframt leggja áherslu á aukin framlög til rekstrar á norðursvæði og að þau skili sér í fjárlagagerð en ekki sem aukaframlag á miðju rekstrarári.

4. Starfslýsingar þjóðgarðsvarða

Svæðisráð fagnar yfirstandandi vinnu við gerð starfslýsinga fyrir þjóðgarðsverði Vatnajökulsþjóðgarðs. Samhliða munu svæðisráð norðursvæðis og þjóðgarðsverðir vinna að verkaskiptum þjóðgarðsvarðanna tveggja innan svæðisins. Í þeirri vinnu verður lagt upp með að ábyrgð þjóðgarðsvarða verði jöfn.

5. FFA Dreka­gili – ósk um breytingu á deiliskipulagi

Jóhanna Katrín kynnti frumhugmynd Ferðafélags Akureyrar um lóð fyrir nýtt aðstöðuhús við tjaldsvæðið í Dreka­gili og stækkun núverandi lóða. Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við áformin og felur þjóðgarðsverði að vinna að framgangi málsins. Jafnframt beinir svæðisráð þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að hraða samningsgerð um afnotarétt frjálsra ferðafélaga af lóðum og tjaldsvæðum til frambúðar.

6. Stefna um gjaldtöku

Formaður svæðisráðs greindi frá umræðu innan stjórnar um gjaldtöku í þjóðgarðinum. Fram kom í máli hans að gjaldtökuhugmyndir eru að miklu leyti knúnar áfram af aðstæðum á suðursvæði þjóðgarðsins. Svæðisráð norðursvæðis telur mjög brýnt að stigið verði varlega til jarðar í gjaldtöku í þjóðgarðinum. Þannig verði gjaldtaka ekki hafin innan þjóðgarðsins öðruvísi en undangengnu vönduðu samráði innan þjóðgarðs og við hagsmunaaðila. Eins verði gjaldtaka, þörf á henni og útfærsla hennar hugsuð til enda út frá ólíkum starfsvæðum og stöðum innan þjóðgarðsins, eða sem væri enn betra, öllum friðlýstum svæðum landsins. Um leið vill svæðisráð minna á fyrri bókanir sínar um þessi mál, þá síðustu í 5. lið [47. fundar](#) svæðisráðs þann 21. júní 2017.

7. Smávirkjun við Dreka­gil – upplýsingar um stöðuna

Jóhanna Katrín sýndi myndir af fyrirhuguðu virkjunarstæði.

8. Dettifoss – salernismál -upplýsingar um stöðuna

Guðmundur greindi frá því að fyrirhugað þjónustuhús verði búið þurrsalernum, en hönnun hússins muni gefa kost á því að breyta yfir í vatnssalerni ef þörf krefur. Vonir standa til að húsið verði tilbúið seint á árinu 2018.

9. Ásbyrgi og Skógarvarðarhúsið

Vinir Vatnajökuls hafa gefið vilyrði sitt fyrir að styrkja sérstaklega verkefni sem lýtur að Skógarvarðarhúsinu í Ásbyrgi og framtíðarnýtingu þess. Sú hugmynd er uppi að nýta húsið fyrir sýningar um myndlist og menningarsögu svæðisins, ásamt því að reka lítið kaffihús í húsinu.

Skógarvarðarhúsið tilheyrir Skógræktinni, en Vatnajökulspjóðgarður og þar á undan Umhverfisstofnun hafa til margra ára haft húsið á leigu. Óskað hefur verið eftir því við stjórn Vatnajökulspjóðgarðs að tryggja að jörðin Ásbyrgi og Skógarvarðarhúsið þar með talið komist í fulla umsjón þjóðgarðsins (sjá bókun í 5. lið [42. fundar](#) svæðisráðs norðursvæðis þann 28. september 2016) en það hefur ekki gengið eftir þrátt fyrir að fulltrúar Skógræktarinnar hafi lýst yfir vilja sínum til að klára það mál.

Svæðisráð vill ítreka fyrri bókun sína við stjórn þjóðgarðsins. Jafnframt óskar svæðisráð eftir afstöðu stjórnar til þeirrar hugmynda­dar að Vinir Vatnajökuls komi að því verkefni að setja upp sýningu og kaffihús í Skógarvarðarhúsinu.

10. Dreka­gil - fræðsluskilti

Jóhanna Katrín kynnti áform um fræðsluskilti við Dreka­gil og Vikraborgir og samræður við Vini Vatnajökuls um styrki til þeirra verkefna.

Fleira ekki gert og fundið slitið 13:00.